


- Atvinnuleysi á Íslandi
- Utan vinnumarkaðar
- Karlar og konur í vísindum
- Mælikvarðar á hagsæld

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	614.700 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	3,4%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	0,3%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	2,4%
Fjöldi félagsmanna VR	36.000

### Hagvöxtur á mann. Spá 2018 -2021



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

## Atvinnuleysi á Íslandi

Atvinnuleysi hefur sögulega séð verið fremur lágt á Íslandi. Valið stendur alla jafna á milli atvinnuleysi eða verðbólgu og höfum við sem þjóð kosið verðbólguna í gegnum árin. Eftir hrun 2008 jókst atvinnuleysi hins vegar mikið. Fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannfjölda á vinnufærum aldri (16-74 ára) fór úr minna en 1% upp í ríflega 7% samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar. Tölur Hagstofnunar sýna að atvinnuleysi fór úr 2% í 6%. Til samanburðar er atvinnuleysi enn í tveggja stafa tölu í löndum eins og Spáni.

Samsetning atvinnulausra hefur tekið miklum breytingum frá árinu 2000. Skiptir þá litlu hvort litið sé til menntunar, atvinnugreina sem atvinnulausir störfuðu áður í, eða ríkisfangs.


Frá upphafi árs 2000 til janúar 2019 hefur hlutfall þeirra sem einungis hafa lokið grunnskólanámi farið úr 70% af atvinnulausum niður í um 45%. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem lokið hefur háskólanámi eða sérskólum á háskólastigi farið úr 8% í tæplega fjórðung af fjölda atvinnulausra.

Það er ekki aðeins samsetning atvinnulausra eftir menntun sem hefur breyst. Skipting atvinnulausra eftir því úr hvaða atvinnugrein þeir koma hefur einnig breyst. Tölur Vinnumálastofnunar sýna að frá janúar 2018 til sama mánaðar árið 2019 komu hlutfallslega fleiri úr atvinnugreinunum leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta, opinber stjórnýsla eða gisting og veitingarekstur samanborið við aðrar atvinnugreinar. Svipuð mynd fæst sé horft aftur til janúar 2015.


Þá hefur samsetning atvinnulausra tekið mjög miklum breytingum sé litið til ríkisfangs. Í upphafi árs 2000 var hlutfall atvinnulausra með erlent ríkisfang í kringum 2,5 – 3%. Í janúar 2019 var hlutfallið komið upp í 35%. Þetta má að meðal annars útskýra með mikilli fjölgun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.

Tölur Hagstofnunar sýna að um 20% allra starfandi á Íslandi eru innflytjendur.


Mynd 1 – Atvinnuleysi 2003 - 2018



Mynd 2 – Atvinnulausir, skipting eftir menntun



Mynd 3 – Hlutfall atvinnulausra með erlent ríkisfang




## Utan vinnumarkaðar

Hlutfall mannfjölda utan vinnumarkaðar er svipað nú og það var árið 2003 en samsetning hópsins hefur breyst, samkvæmt [vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar](#). Námsmönnum, atvinnulausum og heimavinnandi einstaklingum hefur fækkað mikið á þessu tímabili en öryrkjum og þeim sem eru veikir eða tímabundið ófærir til vinnu hefur fjölgað.

Námsmenn voru tæplega þriðjungur þeirra sem voru utan vinnumarkaðar árið 2003 en fimmtungur árið 2018, eins og sjá má á mynd 4. Öryrkjar voru 18% árið 2003 en tæplega fjórðungur 2018.

Mesta breytingin er í hópi þeirra sem teljast veikir eða tímabundið ófærir til vinnu, hlutfall þeirra árið 2003 var 7% en 12% árið 2018. Þá má líka sjá á tölum Hagstofunnar að eftirlaunaþegum hefur fjölgað en heimavinnandi hefur fækkað.

Mynd 4 – Utan vinnumarkaðar




## Karlar og konur í vísindagreinum

Fjórir af hverjum tíu starfsmönnum á sviði raunvísinda og verkfræði (e. science and engineering) í aðildarríkjum Evrópusambandsins, eða 41%, eru konur. Á Íslandi er meira jafnræði með kynjunum á þessu sviði, þar er hlutfall kvenna 47%. Hlutfallið hér á landi er nánast óbreytt frá árinu 2009 en hefur breyst mikið í löndum ESB. Þetta má lesa úr nýlegum tölum evrópsku hagstofunnar Eurostat.


Árið 2009 voru konur þriðjungur starfsmanna eða 33% á sviði raunvísinda og verkfræði að meðaltali í löndum ESB. Á Íslandi var þetta hlutfall 48%. Af hinum Norðurlöndunum var Noregur eina landið á svipuðum slóðum og Ísland með 41% en í hinum löndunum var hlutfall kvenna lægra, lægst í Finnlandi. Hlutfallið hefur haldist óbreytt á Íslandi en í löndum ESB og á hinum Norðurlöndunum hefur konum fjölgað eins og sjá má á mynd 6 og er hlutfall kvenna nú hærra en á Íslandi, að Finnlandi undanskildu.

Hlutfall kvenna er misjafnt eftir atvinnugreinum. Í þjónustugreinum er það hæst, 46% að meðaltali í löndum ESB en 49% á Norðurlöndunum. Í hátækniiðnaði (e. high technology sectors) er hlutfall kvenna hins vegar aðeins 20% að meðaltali í ESB en 29% á Íslandi, hæst Norðurlandanna.

Mynd 5 – Karlar í raunvísindum og verkfræði



Mynd 6 – Konur í raunvísindum og verkfræði




## Mælikvarðar á hagsæld

Hagfræðingar hafa lengi reynt, og munu halda áfram að reyna, að varpa ljósi á efnahagslega stöðu fólks með því að setja fram vísitalur af ýmsu tagi. Ein af þeim er vísitala sem upprunalega var hönnuð af hagfræðiprófessornum Arthur Okun og er á ensku kölluð misery index. Vísitalan er reiknuð út með því að leggja saman verðbólgu og atvinnuleysi. Vísitalan hefur verið endurbætt með því að bæta við vaxtastigi og hagvexti á mann<sup>1</sup>.

Há verðbólga, hátt atvinnuleysi og hátt vaxtastig leiða til hærri gildi vísitalunnar. Mikill hagvöxtur á mann er jákvæður þáttur og dregur því vísitaluna niður. Ef hagvöxtur á mann er mínus, líkt og 2009 og 2010, mun það hækka vísitaluna.

Mynd 7 sýnir vísitaluna fyrir Ísland og áhrif undirþátta í gegnum árin.

Mynd 7 – Misery index fyrir Ísland



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Myndin sýnir að vísitalan náði sínu hæsta gildi 2009 þegar allir undirliggjandi þættir þrýstu vísitalunni upp. Verðbólga var há, atvinnuleysi mikið, vextir háir og hagvöxtur á mann neikvæður. Besta árið, frá 1992, er 2004. Á eftir 2004 kemur 2016 og svo 1998 sem bestu ár Íslendinga á þennan mælikvarða. Árið 2004 voru vextir lágir, atvinnuleysi lítið, verðbólga lág og hagvöxtur á mann mikill. Það sem myndin sýnir einnig er að frá 2016 hefur vísitalan farið hækkanandi. Þar spilar stærstan þátt minni hagvöxtur á mann.

Í samanburði við önnur lönd er þessi vísitala mjög lág á Íslandi, eins og sjá má á mynd 8 á næstu síðu. Af 98 löndum er Ísland í tíunda neðsta sæti árið 2017. Sæti neðar á listanum er jákvætt.

<sup>1</sup> Vísitalan var endurbætt af Harvard prófessornum Robert Barro og síðar af Steve Hanke prófessor við John Hopkins Háskólann. Hér er notuð útgáfan frá Steve Hanke

## Vísitala félagslegra framfara

Vísitala félagslegra framfara er mælikvarði sem endurspeglar hæfni samfélags til að mæta grunnþörfum borgaranna, stuðla að og viðhalda lífsgæðum þeirra og skapa hverjum tækifæri til betra lífs<sup>2</sup>.

Mælikvarðinn nær yfir samanlagða samfélagslega og umhverfislega vísa sem ná yfir þrjár víddir: grunnþarfir, grunnstoðir velferðar og tækifæri. Þó vísitalan taki ekki tillit til hagvísa er engu að síður sterkt samband á milli hennar og landsframleiðslu á mann.

## Lífskjaravísitala Numbeo


Vefsíðan numbeo.com birtir lífskjaravísitölu sem er samsett úr átta undirvísitölum. Undirvísitölurnar eru eftirfarandi:

- Kaupmáttur (með leigu)
- Mengun
- Húsnæði sem hlutfall af tekjum
- Framfærslukostnaður
- Öryggi
- Veðurfar
- Heilbrigðisþjónusta
- Umferðartími


Af 71 landi er Ísland í sjöunda sæti. Samkvæmt þessum mælikvarða er best að búa í Danmörku.

Mælikvarðarnir þrír byggja á nokkuð ólíkum gögnum. Íslands raðast alls staðar í eitt af 10 bestu sætunum. Íslendingar eru því að jafnaði í nokkuð góðri stöðu í samanburði við önnur lönd.


Mynd 8 – Misery index



Mynd 9 – Vísitala félagslegra framfara




Mynd 10 – Lífskjaravísitala Numbeo




<sup>2</sup> <https://www.socialprogress.is/>

## Mælaborð Efnahagsfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu  
Vísitölur = 100 í janúar 1990




Væntingavísitala Gallup  
Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis  
Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands



Verðbólga og verðbólgu spá til næstu þriggja mánaða  
Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja



Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu  
Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysliverðs án húsnæðis



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


Húsnæðisverð miðað við útborguð laun félagsmanna VR  
Þegar línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


## Mælaorð Efnahagsfirlits VR

### Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



### Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefina markaðsskuldabréfa<sup>3</sup>



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


### Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




### Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



### Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



<sup>3</sup> Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrntækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)

